

INNKAUPA- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Ár 2022, fimmtudaginn 6. janúar var haldinn 58. fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fundurinn var haldinn í Varmadal, 4. hæð Borgartúni 12-14 og hófst kl. 13:00. Eftirtaldir fulltrúar innkaupa- og framkvæmdaráðs tóku sæti á fundinum: Sabine Leskopf. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar: Dóra Magnúsdóttir, Björn Gíslason, Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir og Valgerður Árnadóttir. Einnig sat fundinn Theodór Kjartansson frá embætti borgarlögmanns með fjarfundarbúnaði og Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir skrifstofustjóri innkaupaskrifstofu.

Fundarritari var Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá upplýsinga- og skjalastýringu á Þjónustu- og nýsköpunarsviði, dags. 28. desember 2021, um að gengið verði að tilboði Gagnavörslunnar, sem átti hagkvæmasta gilda tilboð í útboð nr. 15329 um skönnun verkfræðiteikninga.
Samþykkt

Olga Sigurðardóttir og Aldís Geirdal Sverrisdóttir taka sæti undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

2. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 4. janúar 2022, um að gengið verði að lágsta gilda tilboði frá TG raf ehf. að upphæð kr. 162.739.122, í útboði 15327 Götulýsing – Heimtaugaskápar
Samþykkt

Ámundi Brynjólfsson tekur sæti undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

3. Yfirlit yfir verkefni innkaupaskrifstofu um viðskipti sviða fyrir tímabilið september-nóvember 2021.

Fundi slitið kl. 13:41

Sabine Leskopf

Valgerður Árnadóttir
Dóra Magnúsdóttir

Björn Gíslason
Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir